



ORKUSTOFNUN

Fundur um hafsbotnsmál á Færeyja-  
Íslandssvæðinu, haldinn í Kaupmannahöfn  
3. febr. 1981

Guðmundur Pálason

Greinargerð GP-81/01

Fundur um hafbotnsmál á Færeyja-íslandssvæðinu,  
haldinn í Kaupmannahöfn 3. febr. 1981.

Greinargerð til utanríkisráðuneytisins.

Á síðasta fundi Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf komu íslensku og dönsku sendinefndirnar sér saman um að efna til viðræðna sérfræðinga um hugsanleg sameiginleg hagsmunamál varðandi hafbotninn utan 200 mílna markanna milli Íslands og Bretlandseyja. Margt bendir til þess að framundan geti verið erfiðar samningaviðræður milli Bretlands, Íslands, Færeyja (Danmerkur) og Íslands um réttindi á þessu svæði, og því æskilegt að kanna að hve miklu leyti hagsmunir Færeyinga og íslendinga fari saman á þessu svæði.

Í framhaldi af ofangreindu samkomulagi í Genf hafði Jóannes Rasmussen jarðfræðingur í Færeyjum símleiðis samband við undirritaðan í nóvember s.l. til að kanna hvort hægt væri að koma á fundi. Að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið var ákveðið að halda slíkan fund í Kaupmannahöfn. Var fundardagur valinn 3. febr. 1981, m.a. vegna þess að um sama leyti, eða 5. febr. 1981, átti að halda fund í Kaupmannahöfn um rannsóknabrun í Færeyjum, sem væntanlega verður framkvæmd á þessu ári af jarðborunum ríkisins. Undirritaður sat þann fund einnig ásamt Karli Ragnars verkfræðingi.

Hafbotnsfundurinn var haldinn á Geologisk Museum við Østervoldsgade. Auk undirritaðs sátu hann Jóannes Rasmussen jarðfræðingur í Færeyjum, Regin Waagstein jarðfræðingur hjá Danmarks Geologiske Undersøgelse og Peder Hedebol Nielsen jarðeðlisfræðingur hjá DGU. Tveir þeir síðarnefndu munu á næstunni flytjast til Færeyja og taka við störfum J. Rasmussen, sem er að hætta fyrir aldurs sakir, þótt hann muni enn um sinn hafa nokkra umsjón með jarðfræðistarfssemi í Færeyjum á vegum landsstjórnarinnar.

Undirritaður sagði á fundinum í stuttu máli frá þeim hugmyndum, sem uppi hafa verið innan íslensku sendinefndarinnar á Hafréttarráðstefnunni varðandi íslenska hagsmuni á Rockall-Hatton banka, til að skýra áhuga íslendinga á viðræðum við Færeyinga um þessi svæði. Síðan fór

mestur hluti fundarins í að yfirlfara nýrri rannsóknaniðurstöður, einkum að því er tekur til jarðfræðilegs skyldleika Færeysja við Rockall-Hatton banka. Fram kom að einn fundarmanna, R. Waagstein, hefur skrifað licenciatritgerð um hafsbottinum suður af Færeymum. Ritgerðin hefur ekki verið birt enn, en í henni mun að finna nýjar upplýsingar um hafsbottinum kringum Færeysjum og suður á bóginn allt til Rockall. Virðast þær staðfesta þá tilgátu að bæði Færeysjum og bankarnir suðvestur af, þ.e. George Bligh Bank, Lousy Bank og Bill Bailey Bank, séu basalthellur sem hvíla á meginlandsjarðskorpu. Svipaðar ályktanir eru dregnar af nýjum strontíumísótópa mælingum á basalti frá þessum svæðum. Styrkir þetta nokkuð stöðu Færeyinga í kröfum sínum til hafsbottnsréttinda á Rockall-Hatton banka.

Í grennd við Wyville-Thomson hrygginn, sem tengir landgrunn Skotlands við grunnsvæðin suður af Færeymum, hafa Bretar látið bora rannsóknaholu nú alveg nýlega, en gerð hafsbottnsins á þessu svæði getur haft mikla þýðingu, þegar ákveðin verða réttindi einstakra þjóða til hafsbottnsins á Rockall-Hatton svæðinu. Öllum niðurstöðum þessarar borunar mun vera haldið leyndum eins og er.

Fram kom á fundinum, að bandaríksa fyrirtækið Western Geophysical Co. hefur gert setþykktarmælingar á stóru svæði umhverfis Færeysjum og allt suður á Rockall-Hatton banka. Milli Íslands og Færeysja ná sumar mælingalínurnar allt að miðlinu. Þessar mælingar voru gerðar fyrir nokkrum árum án leyfis Færeyinga eða Dana, og enn hafa Færeyingar ekki fengið aðgang að niðurstöðunum. Að hluta til mun ástæðan sú, að enn hefur ekki verið gengið frá því að fullu hvar hafsbottnsmörkin séu milli Færeysjum og Skotlands, en mælingar Western Geophysical Co. ná einnig inn á landgrunn Skotlands.

Eins og að framan er getið er fyrirhuguð rannsóknaborun í Færeymum nú í summar, er hefur m.a. að markmiði að kanna undirlög basalthellu Færeysja, sem gætu verið ævaforn setlög. Hvort þetta markmið næst með 2300 m djúpri holu, eins og áförmáð er, er mjög í óvissu. Borunin verður á Suðurey, og verður væntanlega borinn Dofri frá jarðborunum ríkisins notaður við verkið. Landsstjórn Færeysja kostar

borunina að mestu. Niðurstöðurnar geta, ef vel tekst til, haft talsverða þýðingu fyrir samningsaðstöðu Færeyinga varðandi réttinn til nálægra hafssbotnssvæða.

Engar nýjar upplýsingar liggja fyrir um hvar á Íslands-Færeya hryggnum mörkin séu milli meginlandsjarðskorpu og úthafsskorpu. Mælingar, sem gerðar voru fyrir nokkrum árum sameiginlega af rannsóknastofnunum í Bretlandi, Danmörku, á Íslandi og í Sovétríkjunum, benda til þess, að þessi mörk séu nálægt norðvesturbrún landgrunns-pallsins, sem Færeysjor standa á. Sé þetta rétt er meginhluti Íslands-Færeya hryggsins svipaðrar gerðar og jarðskorpan undir Íslandi.

Ýmislegt fleira var rætt á fundinum, sem varla er ástæða til að rekja í einstökum atriðum. Skipst var á upplýsingum um ritaðar heimildir um hafssbotninn á Færeya-Íslandssvæðinu. J. Rasmussen fékk eintak af skýrslu Karls Gunnarssonar um hafssbotninn umhverfis Ísland, en í staðinn fékkst heimildalisti sem tekinn var saman 1976 fyrir skýrslu til danska utanríkisráðuneytisins. Skýrslan í heild lá hins vegar ekki á lausu.

8. febrúar 1981

*Guðmundur Pálason*  
Guðmundur Pálason